

# NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

Umhverfisráðuneytið  
Sigurður Þráinsson  
deildarstjóri  
Skuggasund 1  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 14. febrúar 2012  
2012020009/40

## Skýrsla Ríkisendurskoðunar um Náttúruminjasafn Íslands

Vísað er til bréfs umhverfisráðuneytisins, dags. 6. þ.m. þar sem óskað er eftir viðhorfum og áliti Náttúrufræðistofnunar Íslands á upplýsingum um samskipti stofnunarinnar og Náttúruminjasafns Íslands sem fram koma í skýrslu Ríkisendurskoðunar um Náttúruminjasafnið frá 26. janúar 2012.

Rétt þykir að geta þess að forstjóri Náttúrufræðistofnunar var boðaður til fundar með tveimur starfsmönnum Ríkisendurskoðunar þriðjudaginn 18. október 2011 um Náttúruminjasafnið. Á fundinum var spjallað um sögu Náttúrufræðistofnunar og Náttúruminjasafnsins, en tilefnið var að Ríkisendurskoðun var að skoða hvort ástæða væri til að gera úttekt á framkvæmd laga um Náttúruminjasafnið frá 2007. Forstjóri Náttúrufræðistofnunar var aldrei boðaður aftur á fund Ríkisendurskoðunar um málið og ekki var haft samband við hann á neinu stigi málum atriði í skýrslunni sem viðkomu Náttúrufræðistofnun, afstöðu forstjóra hennar og ummælum eða samskiptum hans og safnstjóra Náttúruminjasafnsins. Forstjóra Náttúrufræðistofnunar bauðst heldur ekki að lesa yfir drög að skýrslu Ríkisendurskoðunar þrátt fyrir að stofnunin hafi verið nefnd á nafn 97 sinnum í þessari 26 blaðsíðona skýrslu og að nokkrum sinnum er vísað til ummæla eða afstöðu hans til málsins. Til samanburðar þá er Náttúruminjasafn Íslands nefnt 122 sinnum í skýrslunni.

Í umræðu um skýrslu Ríkisendurskoðunar um Náttúruminjasafnið er mikið rætt um meintar deilur forstöðumanna safnsins og Náttúrufræðistofnunar um verksvið stofnananna og skiptingu gripa á milli þeirra. Rætt hefur verið um meintar deilur í fjöldum og á Alþingi, en enginn séð ástæðu til að ræða málið við forstjóra eða annað starfsfólk Náttúrufræðistofnunar eða leita með öðrum hætti eftir afstöðu þess. Fyrir skömmu var t. d. haft eftir mennta- og menningarmálaráðherra “*að höggva þurfi á hnúta tortryggni og togstreitu sem séu á milli Náttúrufræðistofnunar og Náttúruminjasafnsins*” (RUV 3. febrúar 2012). Náttúrufræðistofnun hefur ekki verið að togast á við Náttúruminjasafnið og tortryggir það ekki með neinum hætti og er ósátt við fullyrðingar þar að lútandi í skýrslu Ríkisendurskoðunar og í fjöldum. Samkvæmt upplýsingum Náttúrufræðistofnunar hafa hins vegar verið miklar deilur sl. 4 ár á milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og safnstjóra safnsins, Helga Torfasonar um stefnumótun fyrir Náttúruminjasafnið og helstu verkefni þess. Viðtal við safnstjórann í Fréttablaðinu 24. nóvember sl. (bls. 16-17) staðfestir



þetta, en þar segir hann orðrétt: "Ég hef síðan 2008 útfært og sent sex eða sjö drög að stefnu fyrir safnið en aldrei fengið þau samþykkt hjá ráðuneytinu. Því ákvað ég að tala við Ríkisendurskoðun til að fá ráðgjöf... ". Hér er sem sagt komin kveikjan að skýrslu Ríkisendurskoðunar. Samskipti Náttúrufræðistofnunar og Náttúruminjasafnsins hafa verið mjög lítil þrátt fyrir ákvæði laga nr. 35/2007 þar að lútandi. Fullyrðingar um togstreitu eiga varla rétt á sér þar sem ekki hefur reynt á samstarf stofnananna svo neinu nemi. Samskipti Náttúrufræðistofnunar og Náttúruminjasafnsins frá því að síðarnefnda stofnunin tók til starfa vorið 2007 einskorðast við þjú meðfylgjandi bréf (dags. 17.9.2007, 16. 9. 2010 og 30.10.2010), þáttöku fulltrúa Náttúrufræðistofnunar í starfshópi mennta- og menningarmálaráðherra um stefnumörkun fyrir Náttúrugripasafnið fyrri hluta árs 2008 og einn fund forstöðumanna stofnananna ásamt samstarfsmönnum í október 2010 sem fram fór að frumkvæði forstjóra Náttúrufræðistofnunar.

Náttúruminjasafn Íslands var sett á laggirnar með lögum nr. 35/2007, sem tóku gildi 30. mars 2007. Helgi Torfason var ráðinn safnstjóri og hóf hann störf 1. júlí sama ár. Forstjóri og annað starfsfólk Náttúrufræðistofnunar fagnaði því að loks væri í augusýn glæsilegt sýningarár og fræðslusafn sem veitti sem gleggst yfirlit um náttúru Íslands og væri opíð almenningi. Safn sem ætti gott samstarf við Náttúrufræðistofnun og aðrar vísinda- og rannsóknastofnanir á sviði náttúrufræða. Rúmum tveimur mánuðum eftir að safnstjórinn tók til starfa hafði Náttúrufræðistofnun frumkvæði að því að afhenda Náttúruminjasafninu sneið af rauðvið (*Sequoia sempervirens*), sem Bandaríki Norður-Ameríku gáfu íslensku þjóðinni á 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar árið 1974 og Náttúrufræðistofnun fékk afhenda á níunda áratug síðustu aldar. Um leið bauð forstjóri Náttúrufræðistofnunar í bréfi dags. 17. september 2007 formlega upp á samstarf stofnananna með vísun í 3. gr. laga um Náttúruminjasafnið og ákvæði til bráðabirgða: „Í ljósi þessara lagakvæða þykir eðlilegt að umrædd sneið, sem hefur fyrst og fremst sýningargildi, verði varðveisitt hjá Náttúruminjasafni Íslands. Minnt er að sneiðin verður hluti af því samkomulagi sem gera þarf um afhendingu sýningargripa eins og kemur fram í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 35/2007.

*Vonandi verður þetta upphafið að árangursríku samstarfi um bætta umhirðu, sýningar og rannsóknir á náttúrugripasöfnum þjóðarinnar. "*

Pessu erindi Náttúrufræðistofnunar um samstarf var aldrei svarað formlega af hálfu Náttúruminjasafnsins. Hins vegar var gripurinn sóttur eftir símtöl og honum fundinn staður á Náttúrufræðistofu Kópavogs vegna húsnæðisleysis Náttúruminjasafnsins og þar er hann núna.

Í desember 2007 óskaði menntamálaráðuneytið eftir að Náttúrufræðistofnun tilnefndi fulltrúa í stýrihóp til að vinna stefnumótun fyrir Náttúruminjasafnið. Snemma árs 2008 skipaði menntamálaráðherra starfshóp til að vinna með safnstjóra að stefnu fyrir árin 2008 – 2013 og var Guðmundur Guðmundsson, forstöðumaður safna- og flokkunarfræðideildar Náttúrufræðistofnunar fulltrúi hennar í starfshópnum. Fjallað er um starf hópsins í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Starfshópurinn skilaði drögum að stefnumörkun sumarið 2008 en ágreiningur var innan hópsins um niðurstöðuna. Fulltrúar menntamálaráðherra í hópnum, Eiríkur Þorláksson og Vilhjálmur Lúðvíksson, og fulltrúi Náttúrufræðistofnunar voru ósammála safnstjóra á fundum hópsins um meginatriði. Þeir töldu að of langt væri gengið í að reyna að skapa safninu stöðu sem sjálfstæðrar stofnunar í grunnrannsóknum og að of mikil áhersla væri á að safna gripum óháð sýningarmarkmiðum. Þvert á móti ætti að þeirra mati að leggja áherslu á miðlunarhlutverk safnsins þar sem því hlutverki er ótvírætt raðað fremst í löggjöf um safnið, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 35/2007. Önnur verkefni safnsins, m.a. rannsóknir á þess vegum, eigin safnkostur eða aðgangur að safnkosti annarra, eiga skv. lögunum að styðja við og vera undirstaða fyrir miðlunarhlutverkið. Þessi afstaða þeirra



þriggja kom mjög skýrt fram á fundum starfshópsins og var full samstaða á milli fulltrúa menntamálaráðherra og Náttúrufræðistofnunar um þennan skilning á lögum. Eftir því sem forstjóri Náttúrufræðistofnunar best veit samþykkti menntamálaráðherra ekki áherslu safnstjóra á rannsóknir á kostnað miðlunar og að enn er þessi grundvallar ágreiningur á milli þeirra óleyurst. Viðtal við safnstjórann í Fréttablaðinu 24. nóvember sl. (bls. 16-17) staðfestir þetta, en þar segir hann orðrétt: „*Ég hef síðan 2008 útfært og sent sex eða sjö drög að stefnu fyrir safnið en aldrei fengið þau samþykkt hjá ráðuneytinu*“. Náttúrufræðistofnun hefur ekki átt þátt í þessum samskiptum mennta- og menningarmálaráðuneytisins og safnstjórans og ekki haft aðkomu að málínu frá því að starfshópurinn skilaði tillögu að stefnu sumarið 2008. Stofnunin telur að ómaklega sé að sér vegið með endurteknum órokstuddum fullyrðingum um meinta togstreitu hennar og Náttúruminjasafnsins og að hún sé orsök þess að safnið nái ekki flugi.

Fulltrúi Náttúrufræðistofnunar í umræddum starfshópi hvatti safnstjóra ítrekað til að koma á formlegu samstarfi við Náttúrufræðistofnun um söfnun og varðveislu gripa og ganga frá sérstöku samkomulagi við stofnunina í samræmi við 3. gr. laganna og bráðabirgðaákvæðið um forræði náttúrugripa. Áhugi fyrir slíku samstarfi var enginn hjá safnstjóra, sem vildi frekar horfa til Háskóla Íslands en Náttúrufræðistofnunar þrátt fyrir skýr ákvæði laganna um samstarfið. Þessi áhersla safnstjóra á samstarf við Háskóla Íslands kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar (bls. 20): „...m.a. væri hann ósammála því að vera ekki í samstarfi við Háskóla Íslands sem væri að hans álti mun mikilvægari aðili en Náttúrufræðistofnun bæði vegna nálgunar og þekkingar á öllum sviðum náttúrunnar“. Þessi afstaða hans er sérkennileg að því leiti að í 4. mgr. 2. gr. laganna um Náttúruminjasafnið er beinlínis gert ráð fyrir að safnið hafi samstarf við vísinda- og rannsóknastofnanir á vegum ríkisins, þar á meðal Háskóla Íslands, auk samstarfsins við Náttúrufræðistofnun (3. gr.). Annað samstarfið útilokar ekki hitt. Safnstjóri hefur komið fram í fjölmöldum og sett fram rangar fullyrðingar um hlutverk og starfsemi Náttúrufræðistofnunar, sem forstjóri og annað starfsfólk hefur leitt hjá sér og ekki svarað þótt rík ástæða hafi stundum verið til þess.

Það var ekki fyrr en í september árið 2010, þremur og hálfu ári eftir að Náttúruminjasafnið tók til starfa, að safnstjóri sendir Náttúrufræðistofnun loksns erindi um „*samstarf og skiptingu gripasafna*“. Í bréfi, dags. 16. september 2010 óskar hann eftir „*skjótum viðbrögðum við meðfylgjandi uppkasti að samstarfssamningi og upplýsingum um hvenær safnið getur fengið þá gripi sem því eru ætlaðir, en skipting gripasafnanna þarf að fara fram um leið og Náttúrufræðistofnun flytur í nýtt húsnæði nú í október nk.*“ Flutningur Náttúrufræðistofnar stóð þá fyrir dyrum. Enginn fyrirvari var á þessu erindi, hvorki símleiðis eða með öðrum hætti og ekkert samráð um gerð draga að samningi. Forstjóri Náttúrufræðistofnunar svaraði erindinu með bréfi dags. 30. september 2010, en þar segir m.a.: „*Náttúrufræðistofnun fagnar þessu frumkvæði Náttúruminjasafnsins og er reiðubúin til viðræðna um samstarf stofnananna á grundvelli 3. gr. laga nr. 35/2007 og bráðabirgðaákvæði sömu laga. Mikilvægt er að koma sem fyrst á nánu og góðu samstarfi þessara tveggja stofnana. Lagt er til að forstöðumenn þeirra eða fulltrúar þeirra ræði saman um fyrirhugað samstarf og forræði og varðveislu sýningargripa með það fyrir augum að ganga frá samstarfssamningi fyrir árslok.*“

*Náttúrufræðistofnun vill leggja sitt af mörkum til að upp rísi öflugt Náttúruminjasafn, sýningar- og fræðslusafn hér á landi sem allra fyrst. Safn sem varpar ljósi á náttúru Íslands, náttúrusögu landsins og samsplil manns og náttúru.*“ Afrit var sent til mennta- og menningarmálaráðherra og umhverfisráðherra. Náttúrufræðistofnun hafði því frumkvæði að



því að haldinn yrði fundur um fyrirhugað samstarf í stað þess að svara bréfi safnstjóra efnislega, sem hefði ekki leitt til samkomulags í ljósi þess neikvæða tóns sem þar var sleginn (sbr. meðfylgjandi bréf safnstjóra dags. 16.9.2010).

Fundurinn var haldinn 28. október 2010 í Þjóðmenningarhúsinu, en hann sátu forstöðumennirnir ásamt Guðmundi Guðmundssyni frá Náttúrufræðistofnun og Georg Friðrikssyni frá safninu. Ekki var gerð formleg fundargerð, en safnstjóri greindi lauslega frá því að Náttúruminjasafnið áformaði að setja upp bráðabirgðasýningu í um 200 fm rými við Brynjólfsgötu í samráði við sýningarárhönnuð. Falast var eftir gripum sem færða á þessa sýningu og aðra sem Náttúruminjasafnið þyrfi að hafa tiltæka. Eftir var að ákveða inntak fyrirhugaðrar sýningarinnar og hvaða gripir myndu henta á hana. Safnstjóri taldi mikilvægt að fá upplýsingar um alla uppsetta gripi hjá Náttúrufræðistofnun sem gætu komið til greina á væntanlega sýningu. Einnig lagði hann áherslu á að Náttúruminjasafnið yrði að koma sér upp safnkosti vegna fræðslu, sýninga og sem grunn fyrir önnur söfn. Vel var tekið í þessa málaleitan og forstjóri Náttúrufræðistofnunar nefndi til viðbótar að skoða þyrfi með hvaða hætti Náttúruminjasafnið tæki yfir varðveislusamninga vegna gripalána sem Náttúrufræðistofnun hefur gert við önnur söfn. Einnig var bent á að mun markvissara væri að ákvarða fyrst innihald og markmið sýningarinnar og útvega síðan í framhaldinu hentuga gripi, annaðhvort úr söfnum Náttúrufræðistofnunar eða náttúrunni og setja upp sérstaklega þannig að þeir uppfylltu kröfur og markmið sýningarinnar. Náttúrufræðistofnun væri reiðubúin til að leggja sitt að liði þar. Einnig lagði forstjóri Náttúrufræðistofnunar til að stofnanirnar hefðu samvinnu um að yfirfara skrár yfir uppsetta gripi og ljósmynda fyrir vefsíður stofnananna. Jafnframt þyrfi að formgera samvinnu stofnananna um forvörlu og varðveislu gripa og aðgang Náttúruminjasafnsins að sérfræðingum Náttúrufræðistofnunar og aðstöðu í nýjum safnaskálum stofnunarinnar. Ákveðið var að funda fljótt aftur. Fundinum lauk á þessum vinsamlegu nótum en síðan hefur ekkert heyrst frá Náttúruminjasafninu.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er fjallað um verkaskiptingu Náttúruminjasafnsins og Náttúrufræðistofnunar og gefið í skyn að hún sé með einhverjum hætti ófrágengin þrátt fyrir að Alþingi hafi í tvígang afgreitt það mál. Umræða var mikil á Alþingi um hlutverk Náttúruminjasafnsins og Náttúrufræðistofnunar, sérstaklega hvað varðar rannsóknir, bæði við setningu safnalaga árið 2001 og síðar við setningu laga um Náttúruminjasafnið árið 2007. Í frumvarpi til safnalaganna var bráðabirgðaákvæði sem kvað á um að endurskoða skuli lög um Náttúrufræðistofnun nr. 60/1992 er miðar að því að aðgreina safnastarfsemi Náttúrufræðistofnunar frá öðrum skilgreindum verkefnum stofnunarinnar. Frá þessu var fallið í meðfórum Alþingis, sem sá enga ástæðu til að breyta lögboðnu hlutverki Náttúrufræðistofnunar enda hafði skylda hennar til að reka sýningarsafn verið felld brott úr lögum árið 1992. Alþingi staðfesti þessa niðurstöðu eftir töluverða umræðu við setningu laganna um Náttúruminjasafnið árið 2007 og þar var sérstaklega rætt um verkaskiptinguna á svíði rannsókna. Niðurstaðan var að Náttúruminjasafnið skyldi ekki stunda frumrannsóknir eða grunnrannsóknir á náttúru landsins. Safnið skal fyrst og fremst stunda rannsóknir sem tengjast miðlunarhlutverki þess. Í ljósi þess hve mikla umfjöllun málið fékk á Alþingi er sú fullyrðing Ríkisendurskoðunar (bls. 13 í skýrslunni) sérkennileg að aðgreiningin sem fjallað var um í bráðabirgðaákvæði frumvarps til safnalaga árið 2001 hafi “*aldrei verið fullkomnuð með endurskoðun laga um Náttúrufræðistofnun*.” Alþingi hefur í tvígang komist að þeirri niðurstöðu að löginn um Náttúrufræðistofnun þarfist ekki umræddrar endurskoðunar vegna laga um Náttúruminjasafnið. Ríkisendurskoðun velur að vitna til minnisblaðs ónafngreinds sérfræðings í menntamálaráðuneytinu til menntamálaráðherra frá því í september 2006 (bls. 12-13) í stað þess að vitna til afgreiðslu Alþingis og lögskýringar í nefndaráliti



menntamálanefndar við afgreiðslu málsins. Að mati Náttúrufræðistofnunar eru lögin skýr hvað varðar hlutverk stofnananna og verkaskiptingu og ekki er vitað betur en að sýn stofnunarinnar sé í samræmi við túlkun og skilning mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Rétt þykir að minna á að nokkrum vikum eftir að lögin um Náttúruminjasafnið tóku gildi, 30. mars 2007, samþykkti ríkisstjórn landsins að byggja nýtt hús yfir Náttúrufræðistofnun Íslands og starfsemi hennar, þar á meðal umfangsmikil gripasöfn stofnunarinnar. Á þessum tíma var greinilega enginn ágreiningur á meðal stjórnmalamanna um vistun gripasafna Náttúrufræðistofnunar og ekki varð vart við hann á næstur árum. Náttúrufræðistofnum flutti í nýtt húsnæði sitt í október 2010 þar sem er fullkomin aðstaða til varðveislu gripa og rannsóknir á þeim. Það er einkennilegt að á þessa staðreynd skuli ekki vera minnst í umfjöllun Ríkisendurskoðunar, en augljós ávinnungur væri af nánu samstarfi stofnananna um söfnun gripa, varðveislu þeirra og rannsóknnaðstöðu.

Það er athyglisvert í ljósi áherslunnar sem lögð er á rannsóknahlutverk Náttúruminjasafnsins í skýrslu Ríkisendurskoðunar að í skýrslunni er nánast ekkert fjallað um rannsóknahlutverkið, b.e.a.s. hvers konar rannsóknum á safnið að sinna? Það eina sem fjallað er um er vísun í eftirfarandi viðhorf safnstjórans: „...safnið...hygðist ekki stunda grunnramnsóknir. Á hinn bóginn væri flokkunarfræði rannsóknir á starfssviði safnsins og oft einu rannsóknirnar sem unnar væru á slíkum söfnum. Þær væru hví ómissandi þáttur í starfsemi sérhvers náttúruminjasafns. Að auki áréttáði safnstjóri að ljúka þyrfti stefnumótunárvinnum hið fyrsta svo að hægt væri að gera samstarfssamning við Náttúrufræðistofnun Íslands og aðra .“ (bls.20). Nú er það svo að nútíma rannsóknir í flokkunarfræði (e. systematics, taxonomy ) geta verið mjög kostnaðarsamar og teljast alla jafna til grunnrannsókna. Slíkar rannsóknir eru nú þegar stundaðar á Náttúrufræðistofnun, háskólum landsins og víðar og eru kostnaðarsamar og krefjast sérhæfðs tækjabúnaðar og sérfræðiþekkingar.

Náttúrufræðistofnun telur að óskynsamlegt væri að fara á svig við 3.gr. laga um Náttúruminjasafnið og byggja upp sambærilega aðstöðu og nú þegar er fyrir hendí í nýju glæsilegu húsnæði Náttúrufræðistofnunar í Urriðaholti. Það væri sóun á opinberu fé að byggja upp og reka með ærnum tilkostnaði á tveimur eða fleiri stöðum sambærilega aðstöðu vegna varðveislu og rannsókna á fræðilegum söfnum. Þar er 1500 fm rými sem skiptist í þrjá safnskála, sem hver er með sérstaka hita og rakastýringu. Þar eru frystiklefar og skápar (-25°C og -80°C) til að vaðveita frosin sýni; móttökurými með fullkominni krufningsaðstöðu, auk sérhæfðra skolrýma til að annast forvörlu gripa; aðstaða fyrir steinsagir; aðstaða til að þurrka og pressa plöntur; ýldingarrými til að verka dýrabein og aðra grófvinnu; fjórar sérhæfðar rannsóknastofur til smásjáratlugana og ekki síst sérmenntað starfslið. Einnig ber að nefna DNA-rannsóknastofu Náttúrufræðistofnunar á Akureyri sem rekin er í samvinnu við Háskólann á Akureyri og sinnir rannsóknum í flokkunarfræðum á verulegu leyti.

Náttúrufræðistofnun telur að það gæti tafið verulega uppbyggingu góðs sýningar- og fræðslusafns að eyða fé og tíma í aðstöðu, búnað og sérfræðiþekkingu sem ríkið er þegar búið að koma á fót með ærnum tilkostnaði. Það kostar líka umtalsvert fé að reka öflugt sýningar- og fræðslusafn í náttúrufræðum og vert að láta á það reyna að sérstök stofnun sérhæfi sig á hví sviði – þessháttar starfsemi vantar nú sárlega í íslenskt samfélund. Til að koma í veg fyrir óþarfa misskilning þá er hér ekki átt við sameiningu þessara tveggja stofnana, Náttúrufræðistofnun hefur um langt skeið talið mikilvægt að sýningar- og fræðslusafn sé rekið sjálfstætt, sbr. skýrslu NNN-nefndarinnar frá 1992.

Ljóst er að safnstjóri Náttúruminjasafnsins hefur talið það ófrávíkjanlegt skilyrði að



rannsóknasöfnum Náttúrufræðistofnunar verði skipt upp og verulegur hluti hans afhentur Náttúruminjasafninu til umráða og varðveislu. Þetta endurspeglast vel í svonefndri SVÓT-greiningu á stöðu Náttúruminjasafnsins (þ.e. greiningu á styrkleikum, veikleikum, ógnum og tækifærum) sem unnin var vegna stefnumótunarvinnu þess. Í fyrstu drögum að slíkri stefnu (frá 18. júní 2008) var „*Skörun á starfsemi við Náttúrufræðistofnun Íslands*“ nefnd meðal helstu ógna við safnið. Í næstu drögum (frá 24. sept 2009) hafði eftirfarandi ógn bæst við: „*Náttúrufræðist. Ísl. hefur hafið sýningahald*“. Að samstarfi við Náttúrufræðistofnun var hins vegar ekki vikið í tengslum við styrk safnsins eða tækifæri. Athygli vekur að Náttúrufræðistofnun er ein allra íslenskra stofnana talin ógn við safnið. Náttúrufræðistofnun hefur þvert á móti talið að í skörun á verksviði og nánu samstarfi þessara stofnana felist sóknarfæri og grundvöllur fyrir samnýtingu á húsnæði, búnaði og sérfræðibekkingu. Styrkur sem kæmi báðum til góða.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er því haldið fram að lög um stofnanirnar bjóði upp á of mikla skörun á starfsemi og að það valdi togstreitu og tortryggji. Einnig er gefið í skyn að lög um Náttúruminjasafni stangist á við siðareglur Alþjóðarráðs safna (ICOM). Hvort tveggja er rangt.

Samkvæmt lögum eru megináherslur í safnastarfi Náttúrufræðistofnunar að stunda safntengdar grunnrannsóknir í náttúrufræði og byggja upp í þeim tilgangi fræðileg gripasöfn og skráningarkerfi. Auk þess hefur stofnunin heimild til að taka þátt í og gerast aðili að náttúrusýningum, en hefur ekki frumkvæði á þessu sviði. Megináherslur Náttúruminjasafnsins eru að veita skórum og almenningi sem víðtækasta sýn á íslenska náttúru, nýtingu náttúruauðlinda, náttúruvernd og samspil manns og náttúru. Það safnar munum sem henta starfsemi þess, skráir þá og varðveitir. Safninu ber einnig að annast rannsóknir á starfssviði sínu, enda ljóst að tölverða þverfaglega rannsóknavinnu þarf til að uppfylla þessi markmið. Náttúruminjasafnið á einnig að veita öðrum náttúruminjasöfnum víða um land ráðgjöf, stuðla að samvinnu þeirra og vinna að samræmdir safnastefnu á sviði náttúrufræða. Hluti þessa hlutverks er að koma á samræmdu skráningarkerfi náttúrugripa í samvinnu við önnur náttúrugripasöfn víða um landið. Sem stendur sinnir enginn þessu brýna verkefni, né heldur að leiðbeina um almenna umhirðu ýmissa náttúrusafna. Ljóst er að einhver skörun er á starfsemi stofnananna. Á þessu er tekið í lögum um Náttúruminjasafnið en þar segir í 3.gr. að Náttúrufræðistofnun Íslands sé vísindalegur og faglegur bakhjalr Náttúruminjasafnsins og að stofnanirnar skuli hafa með sér náið samstarf sem grundvallist á sérstöku samkomulagi milli þeirra. Þannig skal safnkostur Náttúruminjasafnsins ásamt vísindasöfnum Náttúrufræðistofnunar vera undirstaða fræðslu- og sýningarstarfsemi safnsins og rannsóknar þess. Samstarfssamningurinn veitir því Náttúruminjasafninu aðild að viðamiklum safnkosti Náttúrufræðistofnunar og þeim skráningarkerfum sem stofnunin hefur byggt upp. Þróngar fræðilegar rannsóknir í flokkunarfræði er vel hægt að stunda á Náttúruminjasafninu skapist brýn þörf á slíku, enda hefur það samkvæmt gildandi lögum greiðan aðgang að safnkost Náttúrufræðistofnunar. Samstarf þessara tveggja systurstofnana býður upp á aukna sérhæfingu í rannsóknum, sýningum og fræðslu og gæti tryggt hámarksnýtingu á opinberu fé.

Siðareglur Alþjóðaráðs safna kveða á um að hlutverk safna sé að tryggja innlendenan menningar- og náttúruarf, varpa ljósi á menningar-, náttúru- og listasögu landsins, styrkja safnkost og heimildasöfnun innan síns sérsviðs og gera safnkost sinn og heimildasöfn aðgengileg almenningi og fræðimönnum. Í starfi sínu skuli söfn hafa að leiðarljósi að auka lífsgæði manna með því að efla skilning á þróun og stöðu menningar, lista, náttúru eða



vísinda. Nú er það svo að allar safnastofnanir, íslenskar sem erlendar, leggja mismunandi áherslu á hvern þessara þátta: söfnun, varðveislu, rannsóknir, sýningar og fræðslu. Einnig eru nokkuð breytilegt hvernig safnastofnanir hrinda þessum verkefnum í framkvæmd – stundum er öllum þáttum sinnt innan einnar og sömu stofnunar en einnig er algengt að þessu er sinnt í samstarfi tveggja eða fleiri stofnana. Ýmsar leiðir eru því vel færar og brjóta á engan hátt síðarelgur Alþjóðaráðs safna. Þau rök eru því afar langstótt að Náttúruminjasafnið geti ekki uppfyllt lögbundnar skyldur sínar í samvinnu við Náttúrufræðistofnun um að varðveita og nýta safnkost þjóðarinnar í náttúrufræðum til almannaheilla. Enn sérkennilegra er að halda því fram að slíkt sé brot á síðareglum Alþjóðaráðs safna. (sjá t.d. bls. 11 í skýrslu Ríkisendurskoðunar).

Náttúrufræðistofnun er safnastofnun samkvæmt skilgreiningum Alþjóðaráðs safna, sem leggur megináherslu á rannsóknir og uppbyggingu fræðilegra safna. Náttúruminjasafnið er líka safnastofnun, en með megináherslu á miðlunina, sýningar- og fræðsluháttinn skv. lögum. Náttúrufræðistofnun telur ekkert vera því til fyrirstöðu að hér á landi séu reknar tvær öflugar safnastofnanir með ólíkar áherslur, sem hafi með sér náið samráð og samvinnu, líkt og gert er ráð fyrir í gildandi lögum um stofnanirnar.

Virðingarfallst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri

Fylgiskjöl: Afrit af bréfi dags. 16. sept 2010 frá Náttúruminjasafni Íslands til Náttúrufræðistofnunar, afrit af bréfi dags. 17. september 2007 til Náttúruminjasafns Íslands frá Náttúrufræðistofnun, afrit af bréfi dags. 30. september 2010 til Náttúruminjasafns Íslands frá Náttúrufræðistofnun.

